

Fundargerð stjórnar BÍS 21/2016, miðvikudaginn 23. nóvember 2016 kl. 17:30
í Skátamiðstöðinni Hraunbæ 123.

Mættir:

Berglind Lilja Björnsdóttir formaður ungmennaráðs, Bragi Björnsson skátahöfðingi, Fríður Finna Sigurðardóttir aðstoðarskátahöfðingi og formaður félagaráðs, Heiður Dögg Sigmarsdóttir formaður upplýsingaráðs, Ólafur Proppé formaður fræðsluráðs, Sonja Kjartansdóttir formaður fjármálaráðs, Una Guðlaug Sveinsdóttir formaður dagskrárráðs og Sigríður Ágústsdóttir skrifstofustjóri.

Fjarverandi: Jón Þór Gunnarsson, formaður alþjóðaráðs, Hermann Sigurðsson framkvæmdastjóri

Dagskrá:

1) Setning

Fríður Finna aðstoðarskátahöfðingi bauð fundarmenn velkomna.

2) Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

3) Yfirlit stjórnarmanna:

- a) **Berglind Lilja:** Berglind og Vigdís Fríða (upplýsingaráði) voru með krísufund um róverskátastarfið og hvað hægt væri að gera til að auka og efla starfið fyrir þennan aldurshóp. Um 30 skátar mættu og fólk var mjög áhugasamt og komu upp nokkrar hugmyndir, m.a. að félögin myndu opna róverskátafundina svo skátar úr öðrum félögum geti mætt. Rekka- og róvernetshópurinn stóð fyrir þessum fundi. RUS féll niður en á að reyna aftur í lok mars, verður þá einn laugardag með skemmtun um kvöldið.
- b) **Fríður Finna:** Vinna með félagaráði, gengur vel með nýtt skátastarf á Blönduósi, endurmat á verkefninu verður fljótlega. Hella og Hvolsvöllur – stefnt á að byrja eftir áramót. Félagaráð vann með starfsáætlun, Fríður Finna hélt kynningu fyrir eldri meðlimi í KFUM og K, margir af þeim voru gamlir skátar.
- c) **Heiður Dögg:** Skátablaðið fer í prentun á morgun, Upplýsingaráð búið að vinna starfsáætlun, búningareglugerðin tilbúin, verður lögð fyrir stjórn á næsta fundi. *Ungir talsmenn* viðburðurinn verður í febrúar 2017. Vigdís Fríða Þorvaldsdóttir fór á *External representatives* í Ungverjalandi og gekk vel, kom ánægð með margar hugmyndir til baka.
- d) **Ólafur:** 4. skref Gilwell sl. laugardag, 19 þátttakendur. 5. skref verður seinni hluta janúar 2017, Gilwell skólinn er búinn að setja upp námskeiðsáætlun fyrir 2017-2018. Í mannauðsmálum er verið að vinna í handbók fyrirliða sjálfbóðastarfs, búið að útbúa blöðung og gera áætlun til að bjóða skátafélögum að senda fyrirliða á námskeið í febrúar 2017, þá á handbókin að vera tilbúin til notkunar. Námskeiðið um mannauðskerfið verður 2ja laugardaga námskeið í febrúar og mars, reiknað er með mánuði á milli námskeiða og á þeim tíma vinna þátttakendur verkefni tengd sínum skátafélögum. Áætlað er að gefa út kynningarbækling í tengslum við þessi námskeið sem fyrirliðinn getur notað til að afhenda foreldrum og öðrum vænlegum sjálfbóðaliðum.
- e) **Sonja:** Nokkrir fundir: stjórnarfundur Grænna skáta, Skátamóta og Skátabúðarinnar og farið yfir fjárhagsstöðu þessara fyrirtækja. Það er

komin upp sölusíða fyrir jólatré: gervitre.is. Öll sala niðri fer líka í gegnum þessa síðu, birgðahald tengist síðunni. Verið að kanna hvort hægt er að nota þessa síðu fyrir Skátabúðina og netverslanir fyrir moot. Salan tengist í gegnum spjaldtölvur. Verið að vinna í húsnæðismálum Grænna skáta.

- f) **Una Guðlaug:** Dagskráráð búið að fara yfir áætlanaformið fyrir 2017. Upplýsingaráð og Ungmennaráð – formenn hittust og ræddu dagskrá og viðburði. Einnig hitti Una Vigdís Fríðu vegna róverskátaviðburða. Kaffihúsakvöld áætlað 22. des. hjá Mosverjum. Forsetamerkisbæklingur í lokavinnslu.

4) Meginviðfangsefni 1:

- a) **Starfs- og fjárhagsáætlun ársins 2017.** Starfsáætlanagerð – undirbúningur. Ákveðið að ráðin sendi sína vinnu til Sigríðar og hún setur saman í heildarpakka, sendir á stjórn og það verður tekið fyrir á næsta fundi.
- b) Ákveðið að lengja fund 7. des, byrja kl. 17 og til 22:00 og sleppa aukafundi 8. des.
- c) Athuga meðað bjóða upp á ferð á Gilwell Reunion í Bretlandi 2017 eða 2018.

5) Meginviðfangsefni 2:

- a) **Meginmál Skátaþings 2017. Tillaga að þema:** Fjölgun fullorðinna og málefni sjálfboðaliða. Hvernig náum við til foringja og fullorðinna skáta, eldri skáta, hvernig getum við nýtt WSM til að virkja það fólk áfram, hvernig endurnýjum við mannauðinn, umbun, aldur, er skátastarf fjölskylduvænt, hverjar eru væntingar skáta til þeirra sem standa fyrir viðburðum, eigum við frekar að styðja við sjálfsprottna viðburði, hvernig virkjum við bakland? Hafa skátaþing með svipuðu sniði og síðast og með opin tímabil/slott þar sem fólk getur komið með umræðuefni inn. Ákveðið að hafa sama tímaramma og síðast, frá föstudagseftirmiðdegi til laugardagskvölds.
- b) **Auglýsingar eftir fólki** í nefndir og ráð á Skátaþingi: Útbúa hæfniviðmið t.d. hvaða hæfileika vantar í ráðið? Miða við hlutverk ráðsins og þá sem verða áfram í ráðinu. Gera verkefnalýsingu fyrir ráðin svo fólk sjái hvaða ráð henti best að bjóða sig fram í. Hver er ábyrgð og skyldur ráðamanna. Uppstillingarnefnd þarf líka að vera meðvituð um þetta. Ráðin beðin um að skila þessu í byrjun janúar 2017.

6) Mál til kynningar:

- a) Tillögur að breyttum lögum og reglugerðum. Frestað til fundar í byrjun janúar 2017.

7) Mál til afgreiðslu og bókunar: Engin mál.

8) Önnur mál

- a) **Fundur með stjórn SSR** um stöðu skátafélaga í Reykjavík 24. nóv. Markmið fundarins er að opna fyrir samtal SSR og stjórnar BÍS og kanna hvað við getum gert sameiginlega til að efla skátastarf í Reykjavík.
- b) **Tilnefning í Æskulýðsráð** – Lagt til að Hermann Sigurðsson framkvæmdastjóri BÍS taki sæti í ráðinu. Samþykkt.
- c) **Bland í poka** – ytri rammi og tilhögun: 3.-5. febrúar 2017 á Hvammstanga, verð 8.000 krónur. Gist í skólastofum í grunnskólanum á Hvammstanga.

Mögulegt að fá gistingu í smáhúsum, gistihúsum og heimagistingu fyrir þá sem vilja.

- d) **Vígsla nýs skátaheimilis** Mosverja áætlað 15. des.
- e) **Skoða nafnspjöld fyrir stjórnarmeðlimi.** Þeir stjórnarmeðlimir sem þurfa nafnspjöld eru beðnir að tala við skrifstofu. Athuga að skoða form fyrir samfélagsmiðla á nafnspjöldin.

Úr viðburðadagatali BÍS:

26. - 27. nóv	Aðventuhátíð Úlfjótsvatns
nóv/des	Gilwell 3. skref - vettvangsnám
3. - 4. des	Aðventuhátíð Úlfjótsvatns
10. - 11.	Aðventuhátíð Úlfjótsvatns
	Rovernet-Venturennet á Ítalíu
12	Endurfundir skáta - jólafundur
22	Kakókvöld í Kvosinni
27. - 29.	Á norðurslóð - á vegum Úlfjótsvatns
9 jan	Endurfundir skáta
14	Gilwell leiðtogaþjálfun 1. skref
13.-15.	Ungir talsmenn skáta – fresta – of mikið þessa helgi (17.-19. feb?)
14-15	Skyndihjálparnámskeið 12 klst.
23	Foringjaspjall sveitarföngja
27.-29	Vetrarmót Rvíkurskáta
19	Fræðslukvöld BÍS - ath. Tækifæri í alþjóðastarfi
jan/feb	Gilwell leiðtogaþjálfun 3. skref - ekki á dagatal
20.-22	Gilwell leiðtogaþjálfun 5. skref
3-5 feb	Bland í poka (tengt félagsföngjafundi)
4	Félagsföngjafundur (tengt Bland í poka)
11	Ungmennæping
13	Endurfundir skáta
18	Gilwell leiðtogaþjálfun 2. skref
20.-26.	Góðverkadagar
22.	22. febrúar
17-24	Vetraráskorun Crean - hver á??
16	Fræðslukvöld BÍS - Magnaðar minjar
	Styrktarpinni skáta

Fundi slitið kl. 20:25
Fundargerð ritaði SÁ.